



## Fundargerð

**Svæðisráð suðursvæðis - 59. fundur svæðisráðs suðursvæðis haldinn Gamlabúð  
3 hæð,  
NaN. undefined28. ágúst 2018, kl. 12:00.**

### Fundinn sátu:

Björn Ingi Jónsson formaður, Hugrún Harpa Reynisdóttir varaformaður, Sigurlaug Gissurardóttir fulltrúi ferðaþjónustunnar, Guðrún Inga Bjarnadóttir fulltrúi útivistarfélaga, Hjördís Skírnisdóttir varamaður og Helga Árnadóttir þjóðgarðsvörður.

**Fundargerð ritaði:** Helga Árnadóttir, þjóðgarðsvörður.

### 1. Deiliskipulag Jökulsárlón: breyting - 1709015

Farið yfir stöðuna við Jökulsárlón og vinnu vegna breytinga á deiliskipulagi. Lagt fram minnisblaði frá þjóðgarðsverði eftir samtöl hennar við þá aðila sem hafa aðstöðu við lónið nú í sumar. Einnig lagt fram minnisblað þjóðgarðsvarðar vegna vinnu Vegagerðarinnar á svæðinu.

#### Gestir

Sigbjörn Kjartansson arkitekt Glámu Kím - 12:30

*Svæðisráð leggur áherslu á að gerð verði vegtenging inn á bílastæði austan Jökulsár og sunnan við veg á meðan ekki er komið endanlegt skipulag fyrir svæðið. Svæðisráð felur þjóðgarðsverði að ræða við Vegagerðina í samræmi við mögulegar lausnir á vegtengingum sem ræddar voru á fundinum.*

*Sigbjörn fór yfir deiliskipulagsvinnu og þau samskipti sem hafa átt sér stað frá því síðast var fjallað um málið í ráðinu. Farið var yfir næstu mögulegu skref í vinnu að drögum að breyttu deiliskipulagi. Svæðisráð stefnir á að afgreiða þarfagreiningu fyrir svæðið á næsta fundi í september og í framhaldinu verði unnin drög að tillögu sem farið verður með í opið samráðsferli. Endanleg tillaga verði afgreidd til stjórnar fyrir árslok.*

### 2. Hrollaugshólar: Salerni. Framtíðarsýn - 1805013

Framtíð salernis við Hrollaughóla. Húsnæðið er í eigu Sveitarfélagsins Hornafjarðar þó að landsvæðið hafi verið fært undir Vatnajökulsþjóðgarð. Á að vera salerni þarna til frambúðar og ef svo er þá þarf að breyta því í vatnssalerni. Fjarlægja þarf húsið ef ekki eru áform um að nýta það.

*Í ljósi þess að frá Hrollaugshólum er ekki langt í salerni leggur svæðisráð til að farið verði á leit við Sveitarfélagið Hornafjörð að húsið verði fjarlæggt. Þjóðgarðsverði falið að fylgja málinu eftir.*

*Staðurinn er engu að síður áningarstaður Vegagerðarinnar og töluvert nýttur. Viðræður hafa verið við Vegagerðina um uppsetningu á salernum á þeirra vegum. Svæðisráð leggur til að sú útfærsla verði skoðuð áfram.*

### **3. Jökulsárlón - gjaldtaka - 1805002**

Umræða hefur verið innan stjórnar um gjalddöku í Þjóðgarðinum. Rætt hefur verið um að hefja gjalddöku á bílastæði við Jökulsárlón á sambærilegum nótum og gert er í Skaftafelli.

*Svæðisráð suðursvæðis telur mjög brýnt að uppbygging á svæðinu verði komið af stað áður en gjalddöku hefst. Einnig er mikilvægt að með góðum fyrirvara verði haft samráð við hagsmunadila á svæðinu áður en lögð verða á slík gjöld.*

### **4. Þjóðgarðastofnun - frumvarp - 1808004**

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið óskar eftir umsögnum um frumvarp um nýja stofnun sem ætlað er að hafa með höndum umsýslu allra þjóðgarða á Íslandi og annarra friðlýstra svæða auk almennrar náttúruverndar. Samhliða er kallað eftir tillögum um nafn á hina nýju stofnun. Hlekkur á frumvarpið er að finna á síðunni [samradsgatt.island.is](https://samradsgatt.island.is)

<https://samradsgatt.island.is/oll-mal/&Cases/Details/?id=99>

*Almennar umræður um drögin. Aðilar svæðisráðs eru hvattir til að kynna sér þau.*

### **5. Fræðslumál - 1806007**

Stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs samþykkti Fræðsluáætlun Vatnajökulsþjóðgarðs á fundi nr.121 14. ágúst s.l. Stefnt er að því að ráða sérstakan fræðslufulltrúa á árinu 2019 til að fylgja áætluninni eftir og hrinda í framkvæmd með starfsmönnum.

Hlekkur á áætlunina er að finna inni á vef þjóðgarðsins undir útgefið efni.

<https://www.vatnajokulsthjodgardur.is/is/utgefid-efni/fraedsluaaetlun>

*Svæðisráð fagnar tilkomu fræðsluáætlunar og ber hug til að hún verði þjóðgarðinum til heilla. Þjóðgarðsvörður upplýsti um að vegna niðurskurðar og skorts á rekstarfé hafi ekki verið hægt að sinna skipulagðri fræðslustarfsemi á suðursvæðinu í ár.*

### **6. Almannaþing: Svínafellsheiði - 1805014**

Aðstæður í Svínafellsheiðinni hafa framkallað breytingar hjá ferðaþjónustuaðilum á svæðinu. Svínafellsjökull hefur verið sá jökull sem flesti ferðamenn fara á undanfarin ár. Málið var rætt á stjórnarfundi nr.120 12. júlí s.l. Þar telur stjórn rétt að boða fulltrúa fyrirtækja á svæðinu til fundar við svæðisráð ásamt þjóðgarðsverði í lok ágúst byrjun september til að skoða framtíðarmöguleika á jöklaferðum í Örfæfum og Nágrenni.

*Í framhaldi af breytingum á jöklum og Nágrenni þeirra í Kjölfar hraðrar hopunar síðust ára var rætt um með hvaða hætti megi eiga samtál um afþreyingarþjónustu á suðursvæði. Svæðisráð stefnir á að boða til vinnufundar með hagsmunadilum í seinni hluta septembermánaðar.*

### **7. Suðursvæði: Vegir og slóðar - 1808009**

Ástand vega og slóða innan þjóðgarðsins og vaxandi fjöldi ferðamenna sem fer um þá. Viðhald vega og slóða innan þjóðgarðsins er öryggis- og náttúruverndarmál sem nauðsynlegt er að finna varanlega lausn á.

*Þjóðgarðsvörður lagði fram minnisblað um slóðann inn í Heinabergsdal og einnig slóða á Breiðamerkusandi. Rætt um mikilvægi þess að öikumenn haldi sig á skilgreindum slóðum og reynt verði að koma í veg fyrir utanvegaakstur með aukinni fræðslu og fyrirbyggjandi aðgerðum.*

### **8. Skaftafell: 50 ára afmæli þjóðgarðs í Skaftafelli - 1808010**

Undirbúningur að dagskrá afmælishátíðar sem og dagsetningar.

*Þjóðgarðsvörður vinnur tillögu að dagskrá afmælishátíðar og leggur fyrir svæðisráð.*

**9. Stjórnunar- og verndaráætlun: Jökulsárlón og Þjóðlendur - 1709003**

Lögð fram áætlun um gerð stjórnunar og verndaráætlunar fyrir Jörðina Fell og Breiðamerkusand.

*Formaður upplýsti um að fyrir liggur fjárveiting til að hefja vinnu við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir svæðið. Svæðisráð fagnar að fjármagn hafi fengist til að hefja þessa vinnu. Formaður svæðisráðs vinnur áfram að málinu.*

**10. Veitingasala Skaftafelli - 1805004**

á fundi stjórnar var farið yfir samantekt á rekstur veitingasölu í Skaftafelli á því sést vel að um mannfrekan og þungan rekstur er að ræða sem kallar á sérhæfða þekkingu á veitingarekstri. Stjórn vísaði því til svæðisráðs Suðursvæðis að taka ákvörðun um útfærslu þjónustu og rekstur veitingarsölu í Skaftafelli og mögulega húsæðisnýtingu. Svæðisráð skili tillögu til stjórnar.

*Umræður um málið. Svæðisráð stefnir á að næsti fundur svæðisráðs verði haldinn í Örfæfum þar sem farið verði yfir málið með starfsmönnum.*

**11. Jökulsárlón: Stöðuleyfi fyrir móttökubíl á bílastæði - 1808001**

Erindi frá Local Guide dagsett 8. ágúst þar er óskað eftir leyfi til að koma fyrir móttökubíl með búnaði sem þarf til að ganga á jökul.

*Svæðisráð vísar í afgreiðslu 6. liðar þessa fundar (mál nr. 1805014) sem er samráðsfundur með afþreyingaraðilum um fyrirkomulag afþreyingarferðaþjónustu á suðursvæði.*

Fundi slitið kl. 16:30.

---

---